

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 487/2014****2014/EES/73/39****frá 12. maí 2014**

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efni *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713, klódínafóp, metrafenón, pírimíkarb, rímsúlfúrón, spínósað, þíametoxam, tólklófosmetýl og trítíkónasól (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE ⁽¹⁾, einkum fyrstu málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾ eru skráð virk efni sem teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Samþykki fyrir virku efnum *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713, klódínafópi, metrafenóni, pírimíkarbi, rímsúlfúróni, spínósaði, þíametoxami, tólklófosmetýli og trítíkónasóli rennur út 31. janúar 2017. Lagðar hafa verið fram umsóknir um endurnýjun á samþykki fyrir þessum virku efnum. Þar eð kröfurnar, sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 ⁽³⁾, gilda um þessi virku efni er nauðsynlegt að veita umsækjendum nægilegan tíma til að ljúka málsmeðferð við endurnýjun í samræmi við þá reglugerð. Af þessum sökum er líklegt að samþykki fyrir þessum virku efnum falli úr gildi áður en ákvörðun hefur verið tekin um endurnýjun þeirra. Því er nauðsynlegt að framlengja samþykkistímabil þeirra.
- 3) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 til samræmis við það.
- 4) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem engin viðbótarmálsskjöl, í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 844/2012, eru lögð fram í síðasta lagi 30 mánuðum fyrir viðkomandi gildislokadag, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, mun framkvæmdastjórnin fastsetja gildislokadaginn sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða eins fljótt og unnt er eftir það.
- 5) Með tilliti til markmiðs fyrstu málsgreinar 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, að því er varðar tilvik þar sem framkvæmdastjórnin mun samþykkja reglugerð þar sem kveðið er á um að samþykki fyrir virku efni, sem um getur í viðaukanum við þessa reglugerð, sé ekki endurnýjað vegna þess að viðmiðanir fyrir samþykki eru ekki uppfylltar mun framkvæmdastjórnin fastsetja lokadagsetningu gildistíma sem sömu dagsetningu og var í gildi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða þann dag sem reglugerðin tekur gildi, ef sá dagur er síðar, að því tilskildu að samþykki fyrir virka efninu sé ekki endurnýjað.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 138, 13.5.2014, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2014 frá 24. október 2014 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2012 frá 18. september 2012 um ákvæði sem eru nauðsynleg til að koma málsmeðferð við endurnýjun í framkvæmd að því er varðar virk efni eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 26).

- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. maí 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum A-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 123, klódínaföp, komi „30. apríl 2018“.
- 2) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 124, pírimíkarb, komi „30. apríl 2018“.
- 3) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 125, rimsúlfúrón, komi „30. apríl 2018“.
- 4) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 126, tólklófosmetýl, komi „30. apríl 2018“.
- 5) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 127, trítíkónasól, komi „30. apríl 2018“.
- 6) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 137, metrafenón, komi „30. apríl 2018“.
- 7) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í færslu 138, *Bacillus subtilis* (Cohn 1872), stofn QST 713, eins og stofn AQ 713, komi „30. apríl 2018“.
- 8) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 139, spinósað, komi „30. apríl 2018“.
- 9) Í stað dagsetningarinnar „31. janúar 2017“ í sjötta dálki, „Samþykki rennur út“, í línu 140, þíametoxam, komi „30. apríl 2018“.